

Fundargerð 526

Fimmtudaginn 5 október 2023 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar í safnaðarheimili Raufarhafnarkirkju á Raufarhöfn. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Halldóra Kristín Halldórsdóttir (HKH), Haraldur Benediktsson (HB), Karl Björnsson (KB), María Hjálmarsdóttir (MaH), Óli Halldórsson (ÓH), Rúnar Þór Guðbrandsson (RÞG) og Sigurjón Þórðarson (SÞ) varamaður. Auk þeirra sátu fundinn Arnar Már Eliásson (AME) forstjóri (við dagskrárliði 2-12), Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs (við dagskrárliði 2-12), Hrund Pétursson (HP) forstöðumaður fyrirtækjasviðs (við dagskrárliði 2-12), Reinhard Reynisson (RR) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárliði 9-12) og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð (við dagskrárliði 2-12).

Jónína Björk Óskarsdóttir boðaði forföll.

Formaður setti fund kl. 8:00 og liggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum;

1. Störf stjórnar - til kynningar og umræðu
2. Starfsemi banka í ráðandi eigu almennings í byggðum landsins - til afgreiðslu
3. Vextir Byggðastofnunar - til afgreiðslu
4. Lánamál
 - a. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar
 - b. Lánsúmsókn - til afgreiðslu
5. Staðan á ábyrgðasamkomulagi á lánveitingum Byggðastofnunar - til afgreiðslu
6. Drög að stefnumörkun - til kynningar og umræðu
7. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar
8. Af póstmálum - til kynningar
9. Samningur um aflamark Byggðastofnunar - til afgreiðslu
10. Einskiptisúthlutun aflamarks Byggðastofnunar - til afgreiðslu
11. Önnur mál
12. Næsti fundur

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn nema annað sé tekið fram.

1. Störf stjórnar - til kynningar og umræðu

Að gefnu tilefni voru innri málefni stjórnar rædd. Formaður lagði til að fengin yrði ytri ráðgjöf um góða stjórnarhætti og að framkvæmt yrði árangursmat á störfum stjórnar. Samhliða ytri ráðgjöf og árangursmati verði verklagsreglur um störf stjórnar, stjórnháttayfirlýsing og siðareglur uppfærðar.

Voru stjórnarmenn sammála því og mikilvægi þess að með reglubundnum hætti skuli meta störf stjórnar í samræmi við starfsáætlun hennar.

AME, HÁ, HP og MH komu á fundinn.

2. Starfsemi banka í ráðandi eigu almennings í byggðum landsins - til afgreiðslu

ÓH óskaði eftir máli á dagskrá stjórnar varðandi starfsemi banka í ráðandi eigu almennings í byggðum landsins. Fyrir fundinum liggur minnisblað ÓH sem hann kynnti.

Til máls tóku KB og HB.

Lagt er til að Byggðastofnun taki upp viðræður við Bankasýslu ríkisins og banka í ráðandi eigu almennings um starfsemi og störf þeirra í byggðum landsins. Sendar verði fyrirspurnir til stjórna Landsbanka Íslands og Íslandsbanka um þróun starfsmannafjölda innan og utan höfuðborgarsvæðisins síðustu ár og áratugi. Einnig verði spurð fyrir um stefnu bankanna í starfsemi í byggðum landsins, m.a. um eflingu og fjölgun starfa í miðlægri starfsemi bankanna utan höfuðborgarinnar. Forstjóra er falið að senda erindi til stjórnar bankanna og Bankasýslu ríkisins, með samriti á ráðuneyti bankamála.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

3. Vextir Byggðastofnunar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstjóra og forstöðumanns fyrirtækjasviðs með kynningu á vaxtakjörum Byggðastofnunar sem HP kynnti.

Lagt er til að vaxtakjör Byggðastofnunar verði óbreytt frá því sem nú er.

Til máls tóku allir stjórnarmenn auk AME, HP og MH.

Formaður lagði til að tillögunni yrði frestað. Lagt var til að haldinn verði stjórnarfundur til að ræða vexti stofnunarinnar 18. október nk. kl. 15:00.

Samþykkt samhljóða að fresta afgreiðslu og taka til umræðu að nýju þann 18. október.

4. Lánamál

a. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar

Fyrir fundinum lágu fundargerðir lánanefndar nr. 31/23-34/23 sem HP kynnti.

b. Lánsumsókn - til afgreiðslu

...

5. Staðan á ábyrgðarsamkomulagi á lánveitingum Byggðastofnunar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðumanns fyrirtækjasviðs um stöðuna á ábyrgðasamkomulagi á lánveitingum Byggðastofnunar sem HP kynnti.

COSME ábyrgðasamkomulagið sem Byggðastofnun gerði við Evrópska fjárfestingasjóðinn (EIF) lýkur 31. desember nk. en Byggðastofnun hefur hafið viðræður við EIF um aðild að nýju ábyrgðasamkomulagi sem ber heitið InvestEU.

Framkvæmdastjórn ESB á enn eftir að ganga frá samningum sínum við Evrópska fjárfestingabankann, EIF og Norræna fjárfestingabankann varðandi heimild Íslands til að taka þátt í umsóknarferlinu en það á að öllum líkindum að liggja fyrir í október. Samkvæmt samtali við EIF þá á eftir að ganga frá einstaka atriðum á milli EIF og Íslands en sökum þessa verður ekki hægt að ganga frá samningi vegna þátttöku Byggðastofnunar í InvestEU fyrr en á nýju ári.

Eftir að COSME samkomulaginu lýkur og þar til að nýju ábyrgðasamkomulagi kemur er lagt til að skilmálar sértækra lánaflokka stofnunarinnar verði óbreyttir en almennar veðkröfur skv. lánareglum munu taka gildi í þeim og sérstakar veðkröfur falla því út.

Þannig verði öllum núverandi lánaflökkum viðhaldið þó með þeirri breytingu að almennar veðkröfur skv. lánareglum taka gildi í þeim flokkum sem áður báru COSME ábyrgð. Þá

er lagt til að forstjóra verði veitt heimild til samningsgerðar við EIF varðandi aðild að nýju ábyrgðasamkomulagi.

Til máls tóku HKH, AME, RG, KB og MaH.

Óskað var eftir lista yfir lán sem eru með ábyrgð skv. COSME samkomulaginu og hvað hefur veri lagt í afskriftarreikning vegna þeirra.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

6. Drög að stefnumörkun - til kynningar

Fyrir fundinum liggur drög að stefnumörkun Byggðastofnunar sem AME kynnti og þau skref sem framundan eru. Óskaði hann eftir tillögum stjórnarmanna áður en hún yrði endanlega afgreidd á næsta fundi stjórnar.

Tillögur komu að umfjöllun um Samtök sveitarfélaga, hagaðila, umhverfismál og þekkingar- og rannsóknarsetrin.

7. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir framfylgd verkefna á starfsáætlun og staða rekstrar 31. ágúst sl. sem AME kynnti.

8. Af póstmálum - til kynningar

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðumanns lögfræðisviðs um eftirlit með póstpjónustu sem HÁ kynnti. Farið var yfir þau málefni sem stofnunin vinnur að í málaflokknum og þau verkefni sem eru framundan.

Til máls tóku ÓH og HB

9. Samningur um aflamark Byggðastofnunar á Breiðdalsvík - til afgreiðslu

RR kom á fundinn undir þessum lið.

Fyrir fundinum liggur umsókn Gullrúnar ehf. og Goðaborgar ehf., matsblað stofnunarinnar vegna umsóknarinnar, matsskali vegna samningsins og umsögn Fjarðarbyggðar. Að auki liggur fyrir fundinum fundargerð aflamarksnefndar nr. 29.

Aflamarksnefnd leggur til við stjórn að samið verði við Gullrúnu ehf. og Goðaborg ehf. um nýtingu aflamarks Byggðastofnunar á Breiðdalsvík fiskveiðiárið 2023/2024, samtals 400 þorskígildistonn.

Til máls tóku SP, ÓH og RR.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu og var hún samþykkt með 6 atkvæðum. SP óskaði bókað að hann sitji hjá.

10. Einskiptisúthlutun aflamarks Byggðastofnunar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað Péturs Friðjónssonar og Reinhards Reynissonar með tillögu að einskiptisúthlutun uppsafnaðs aflamarks byggðastofnunar.

AME kynnti minnisblaðið en lagði til að málinu yrði frestað þar sem umsókn hefði borist frá Strandabyggð deginum áður um aflamark Byggðastofnunar.

Til máls tóku SP, RR, AME, ÓH og HÁ.

Formaður lagði til að málinu yrði frestað og var það samþykkt samhljóða.

11. Önnur mál

AME sagði frá vinnu við innleiðingu á IPSAS og möguleg áhrif innleiðingarinnar á efnahag stofnunarinnar. Búið væri að upplýsa innviðaráðuneytið um þau væntu áhrif og verður minnisblað sent ráðuneytinu á næstu dögum.

Beiðni SP sem barst forstjóra um upplýsingar um heildargreiðslur á öllum kostnaði stjórnarmanna var svarað með samantektartöflu í tölvupósti til hans og allra stjórnarmanna þann 4. október sl.

Beiðni SP frá síðasta stjórnarfundum um upplýsingar um hvaða stjórnarmenn og varamenn í stjórn Byggðastofnunar hafi verið kallaðir í hæfismat hjá Fjármálaeftirlitinu (FME) var svarað með tölvupósti til hans og allra stjórnarmanna þann 4. október sl. með lista yfir niðurstöður hæfismats stjórnarmanna hjá FME. Stofnunin hefur ekki upplýsingar um hvaða stjórnarmenn hafi verið kallaðir í hæfismat heldur aðeins upplýsingar frá FME um niðurstöður þeirra mata sem átt hafa sér stað.

12. Næsti fundur

Næsti fundur verður miðvikudaginn 1. nóvember nk. í Reykjavík.

Fleira ekki gert og sleit formaður fundi kl. 10:17

Magnús Helgason, fundarritari

Halldóra Kristín Hauksdóttir

Haraldur Benediktsson

Karl Björnsson

María Hjálmarsdóttir

Óli Halldórsson

Rúnar Þór Guðbrandsson

Sigurjón Þórðarson